

Reglugerð um menntunarskilyrði þjálfara innan vébanda Blaksambands Íslands

1. Almenn ákvæði

Allir þjálfarar sem starfa innan vébanda Blaksambands Íslands skulu hafa fullnægjandi og viðeigandi menntun til þeirra þjálfarastarfa sem þeir eru ráðnir til. Með hugtakinu þjálfari er hér átt við hvern þann sem kennir blak og skipuleggur og stjórnar blakæfingum og blakleikjum hjá aðildarfélögum BLÍ.

2. Menntunarkröfur

Menntunarkröfur þjálfara fela í sér að þjálfarar þurfa að vera með tiltekna menntun til að fá að þjálfra tiltekna aldursból hjá aðildarfélögum BLÍ.

- BLÍ D	Þjálfari hefur lokið eftirfarandi námskeiðum:	BLÍ 1
- BLÍ C	Þjálfari hefur lokið eftirfarandi námskeiðum:	BLÍ 1 og ÍSÍ 1
- BLÍ B	Þjálfari hefur lokið eftirfarandi námskeiðum:	BLÍ 2 og ÍSÍ 2
- BLÍ A	Þjálfari hefur lokið eftirfarandi námskeiðum:	BLÍ 3 og ÍSÍ 3
- BLÍ ProB	Þjálfari hefur lokið eftirfarandi námskeiðum	BLÍ ProB.
- BLÍ ProA	Þjálfari hefur lokið eftirfarandi námskeiðum	BLÍ ProA.

BLÍ D

Gefur réttindi til að starfa sem aðstoðarþjálfari í öllum yngri flokkum. Forkrafa er að hafa lokið grunnskólaprófi og BLÍ 1.

BLÍ C

Er þjálfarastig til almennrar blakþjálfunar og ætluð fyrir íþróttakennara í grunnskólum og gefur réttindi til að þjálfra iðkendum yngri en 12 ára. Samanstendur af námskeiðum BLÍ 1 og ÍSÍ 1. Forkrafa er að hafa lokið grunnskólakprófi.

BLÍ B

Er þjálfarastig til almennrar þjálfunar fyrir 6 manna blak og er gefur réttindi til að þjálfra yngri flokka frá 12 ára og eldri, lið í neðri deildum Íslandsmóta og öldungalið. Samanstendur af námskeiðum BLÍ 2 og ÍSÍ 2. Forkrafa er að hafa að fullu lokið BLÍ 1 og ÍSÍ 1, hafa 6 mánaða starfsreynslu og vera eldri en 18 ára.

BLÍ A

Er þjálfarastig til blakþjálfaramenntunar og gefur réttindi til að þjálfra lið í efstu deildum Íslandsmóta á vegum BLÍ. Samanstendur af námskeiðum BLÍ 3 og ÍSÍ 3. Forkröfur eru að hafa að fullu lokið BLÍ 2 og ÍSÍ 2 og, hafa 12 mánaða starfsreynslu og vera eldri en 20 ára.

BLÍ proB

Skilgreint af fræðslu- og útbreiðslunefnd BLÍ

BLÍ proA

Skilgreint af fræðslu- og útbreiðslunefnd BLÍ

Ekki er krafist menntunarstigs við þjálfun liða sem keppa á Öldungamóti BLÍ.

3. Endurmenntun

Þjálfari sem lokið hefur BLÍ 3 þjálfaragráðu frá BLÍ og ÍSÍ þarf að sækja sér endurmenntun reglulega eða hið minnsta á þriggja ára fresti til að viðhalda réttindum sínum. Fræðslu- og útbreiðslunefnd BLÍ ákvarðar hvað telst gild endurmenntun til endurnýjunar á þjálfararéttindunum.

4. Mat réttinda

Fræðslunefnd BLÍ metur hvaða réttindi nám/námskeið á Íslandi og erlendis veita og hvaða réttindi þjálfarar með menntun erlendis frá hafa til þjálfunar á Íslandi. Fræðslunefnd getur skikkað þjálfara með erlend réttindi til að sitja endurmenntunarnámskeið.

5. Undanþágur

Fræðslunefnd BLÍ er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum í reglugerð þessari ef veigamiklar og sérstakar ástæður liggja að baki. Undanþágan fæst þó einungis einu sinni fyrir hvern þjálfara fyrir hvert stig. Slíka undanþágu skal þó alltaf bera undir stjórn BLÍ til samþykktar. Óski félag eftir undanþágu þarf hún að berast skriflega á skrifstofu BLÍ fyrir 15. september ár hvert.

6. Viðurlög

Félög skulu skila inn lista yfir alla þjálfara til mótastjóra fyrir **15. september** ár hvert

Þau félög sem uppfylla ekki fyrrgreindar kröfur um menntun þjálfara þurfa að greiða sektir sem hér segir:

- Kr. 50.000 vegna flokka sem tilheyra þjálfarastigi BLÍ C.
- Kr. 100.000 vegna flokka sem tilheyra þjálfarastigi BLÍ B.
- Kr. 250.000 vegna flokka sem tilheyra þjálfarastigi BLÍ A.

Hægt er að sækja um undanþágu með þeim skilyrðum að þjálfari sitji næsta þjálfaranámskeið BLÍ sem haldið verður fyrir lok tímabilsins sem um ræðir.

Undanþágur á viðurlögum verða eftirfarandi:

- Keppnistímabilið 2022-2023:
 - Engin viðurlög ef félög eru ekki með þjálfara með réttindi.
- Keppnistímabilið 2023-2024:
 - Viðurlögum beitt ef félög eru ekki með þjálfara með réttindi fyrir þjálfun yngri en 12 ára.
- Keppnistímabilið 2024-2025:
 - Viðurlögum beitt ef félög eru ekki með þjálfara með réttindi fyrir þjálfun yngri flokka og liða í 2. deild og neðar.
- Keppnistímabilið 2025-2026:
 - Viðurlögum beitt ef félög eru ekki með þjálfara með réttindi fyrir þjálfun yngri flokka og meistaraflokka í öllum keppnum á vegum BLÍ.

Félag sem verður uppvíst að því að hafa rangt við hefur fyrirgert möguleikum sínum á öllum undanþágum.

7. Gildistaka

Reglugerð þessi tekur þegar gildi

Gefið út af stjórn BLÍ 11.júlí 2022

Næstu námskeið

BLÍ 1:

- 16. - 19. ágúst 2022 í Mosfellsbæ - sjá dagskrá hér að neðan
- 23. - 26. ágúst 2022 á Akureyri – sjá dagskrá hér að neðan
- 6. - 9. janúar 2023 (staðsetning auglýst síðar) – sérstaklega sett upp með landsliðsfólk í huga þar sem engin verkefni skarast á við dagsetningar.
- 26. - 28. maí 2023 (staðsetning auglýst síðar)

ÍSÍ 1:

- Haustönn 2022
- Vetrarönn 2023
- Sumarönn 2023

BLÍ 2:

- 16.-21. maí 2023 (höfuðborgarsvæðið)

ÍSÍ 2:

- Haustönn 2022
- Vetrarönn 2023
- Sumarönn 2023

BLÍ 3:

- *TBD*

ÍSÍ 3:

- Haustönn 2022
- Vetrarönn 2023

Hér má finna meira um öll ÍSÍ námskeiðin: <https://www.isi.is/fraedsla/thjalfaramenntun-isi/>

Dagskrá námskeiða í ágúst 2022

Þri 16/8 (23/8) - fjarkennsla

17:30 – 17:45 1 ein Kynning á námskeiðinu og markmiðum BLÍ 1
17:45 – 21:30 4 ein Fræðilegur hluti 1: Tækni - uppspil, móttaka, (ein 15 mín pásá)

Mið 17/8 (24/8) - fjarkennsla

17:30 – 21:30 2 ein Fræðilegur hluti 2: Krakka og unglingsblak 1-1, 2-2, leikir
3 ein Fræðilegur hluti 3: Tækni - undir og yfirhandaruppgjöf, sókn (ein 15 mín pásá)

Fim 18/8 (25/8) - í íþróttahúsi

17:30-21:30 3 ein Verklegur hluti 1: uppspil og móttaka (ein 15 mín pásá)
1 ein Samantekt á hluta 1

Fös 19/8 (26/8) - í íþróttahúsi

9:30-12:00 3 ein Verklegur hluti 2: undir og yfirhandauppgjöf
12:00-12:45 Hádegishlé
12:45-15:30 2 ein Verklegur hluti 2 frh: sókn og leikir
1 ein Samantekt á hluta 2

16:15 Fundur með þjálfurum hæfileikabúða
17:00 Hæfileikabúðir byrja

English

Tue 16/8 (23/8) - Online lecture

17:30 – 17:45 1 un Introduction and course goals of BLÍ 1
17:45 – 21:30 4 un Theoretical part 1: Techniques – setting and passing, (one 15 min break)

Wed 17/8 (24/8) - Online lecture

17:30 – 21:30 2 un Theoretical part 2: Kid's and youth volley 1-1, 2-2, games
3 un Theoretical part 3: Techniques - under and overhand serve, attack (one 15 min break)

Thu 18/8 (25/8) - In the gym

17:30-21:30 3 un Practical part 1: setting and passing, (one 15 min break)
1 un Part 1 course summary

Fri 19/8 (26/8) - In the gym

9:30-12:00 3 un Practical part 2: under and overhand serving
12:00-12:45 Lunch break
12:45-15:30 2 un Practical part 2 cont.: attack and games
1 un Part 1 course summary

16:15 Meeting with youth camp (Hæfileikabúðir) coaches
17:00 Hæfileikabúðir start